



Endurhæfing á Reykjalundi skiptist í ný megin svið: hjartasvið, lungnasvið, geðsvið, gigtarsvið, verkjasvið, hæfingarsvið, taugasvið, næringarsvið og svið atvinnulegrar endurhæfingar. Starfsfólk myndar teymi innan hvers meðferðarsviðs og má í þeim finna fulltrúa allra faghópa sem starfa á Reykjalundi. Hlutverk teymanna er meðal annars að ákvarða meðferð í samráði við sjúkling og fylgja eftir markvissri endurhæfingu.

Á Reykjalundi er starfrækt myndgreining, rannsóknastofa í blóðmeinafræði og rannsóknastofa í lífeðlisfræði hjarta og lungna.

## Rannsóknir

Sérfræðingar og annað fagfólk Reykjalundar tekur virkan þátt í kennslu heilbrigðisstétta, rannsóknum og vísindastörfum innan sinna fræðigreina. Samkvæmt vísindastefnu Reykjalundar setur stofnunin sér það markmið að vera virk í rannsóknum í endurhæfingu, með því að styðja rannsóknartengd verkefni og efla tengsl við háskóla landsins og háskóla-sjúkrahús.

## Hlein

Í starfstengslum við Reykjalund er rekið heimilið Hlein fyrir sjö mikið fatlaða einstaklinga.

## Umhverfi, aðbúnaður og þjónusta

Reykjalundur er úr landi Reykja í Mosfellssveit en SÍBS eignaðist landið, um 30 hektara, árið 1944. Síðan hefur markvisst verið unnið að því að bæta umhverfi og aðstöðu til endurhæfingar. Gamlir herskalar stríðsáranna sem notast var við í upphafi hafa vikið fyrir nýjum og sérhæfðum byggingum og gróðurvana melurinn undir Reykjafelli hefur verið græddur upp með grasflötum og trjágróðri. Þrátt fyrir að Reykjalundur sé stór vinnustaður hefur tekist að skapa þar heimilislegan blá og notalegt andrúmsloft. Margvísleg þjónusta er á staðnum og má þar nefna mótuneyti, verslun, kyrrðarherbergi, snyrtistofu og bókastofu.

## Vinnustaðurinn Reykjalundur

Árum saman hefur Reykjalundur verið einn fjölmennasti vinnustaður Mosfellsbæjar. Síðustu ár hafa um 250 manns starfað á Reykjalundi í tæplega 200 stöðugildum. Metnaðarfullt faglegt starf, þróttmikið félagslíf og góð aðstaða fyrir starfsfólk hafa gert Reykjalund að eftirsóttum vinnustað.

2005  
Mynd á forsiðu: Mátur viljans eftir Leif Breiðfjörð (1978)  
Umsjón: Athygli ehf  
Prentun: Gutenberg ehf

## Reykjalundur – yfirlit



- |                                  |                       |
|----------------------------------|-----------------------|
| 1. Aðalbygging                   | 7. Skrifstofa         |
| 2. Læknastöð                     | 8. Hlein              |
| 3. Sjúkraþjálfun / heilsuþjálfun | 9. Friðriksberg       |
| 4. Þjálfunarhús                  | 10. Oddshús           |
| 5. Göngudeild                    | 11. Smáhýsi           |
| 6. Iðjuþjálfun                   | 12. Húsnæði í útleigu |





## Velkomin á Reykjalund

Á Reykjalundi fer fram allhiða endurhæfing sem miðar að því að bæta lífsgæði, færni og sjálfsbjargargetu þeirra sem þangað leita.

Reykjalundur er í eigu Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, SÍBS, sem hóf rekstur stofnunarinnar árið 1945. Í upphafi miðaðist endurhæfing á Reykjalundi fyrst og fremst við þarfir berklasjúklinga og vinnuþjálfun var uppistaðan í meðferð þeirra. Með nýjum lyfjum og bættum lífsskilyrðum fækkaði berklasjúklingum og þörf fyrir sérsniðna meðferð minnkaði. Á árunum 1958 - 1960 voru dyr stofnunarinnar opnaðar öðrum sjúklingahópum og starfsemi á Reykjalundi tók að þróast í þá allhiða endur-

hæfingu sem við þekkjum í dag. Lengst af var Reykjalundur rekinn sem ein stofnun á tveimur aðskildum rekstrarsviðum með sameiginlegan efnahag; annars vegar endurhæfingar- miðstöð en hins vegar iðnaðardeildir.

Árið 1993 var starfsemi þessara tveggja rekstrarsviða aðskilin að fullu og árið 2004 seldi SÍBS iðnreksturinn óháðum aðila sem hefur haldið starfsemi áfram í húsnæðinu á Reykjalundi.

Að SÍBS standa í dag, auk upphaflegu SÍBS deildanna sem enn starfa, Hjartaheill, landsamtök hjartasjúklinga, Astma- og ofnæmisfélagið og Samtök lungnasjúklinga.

## Hugmyndafræði endurhæfingar

Meðferðin á Reykjalundi byggist á hugmyndafræði endurhæfingar þar sem teymisvinna sérhæfðs fagfólks er lögð til grundvallar. Markmiðið er að sjúklingar nái aftur eins góðri andlegri, félagslegri og líkamlegri færni og mögulegt er. Lögð er áhersla á að sniða meðferðina að þörfum sjúklinga og fer hún fram bæði í hópum og einstaklingsbundið.

## Endurhæfingarstofnun fyrir alla landsmenn

Reykjalundur er stærsta endurhæfingarstofnun landsins. Árlega njóta þar á fjórða þúsund sjúklingar meðferðar, ýmist á

sólarhringsdeild, dagdeild eða göngudeild. Meðferðin er að mestu greidd af ríkinu. Frá árinu 2001 hefur þjónusta Reykjalundar og þátttaka ríkisins í kostnaði við hana verið skilgreind í þjónustusamningi við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Allt frá árinu 1949 hefur happdrætti SÍBS verið hornsteinn allra framkvæmda á Reykjalundi en framlög frá einstaklingum, félagsamtökum og styrktarsjóðum hafa einnig skipt miklu við uppbyggingu stofnunarinnar. Þar er skemmt að minnast landsöfnunar SÍBS árið 1998 undir nafninu *Sigur lífsins* sem lagði grunn að byggingu nýs þjálfunarhúss á staðnum og gerbreytti allri aðstöðu til endurhæfingar.

## Endurhæfing á Reykjalundi

Endurhæfing er flókið ferli. Tæknilegar framfarir, ný þekking, auknar kröfur um gæði þjónustu og almenn þróun hafa stuðlað að aukinni sérhæfingu.

Aðdragandi þess að sjúklingar koma á Reykjalund er með ýmsu móti en skilyrði innlagnar er að beiðni um meðferð berist frá lækni.

Í upphafi endurhæfingar fer fram nákvæmt mat á sjúkdóms- ástandi eða fötlun og gerð er meðferðaráætlun sem tekur mið af þörfum hvers og eins. Þar koma við sögu læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraþjálfarar, iðjuþjálfarar, heilsuþjálfarar, félagsráðgjafar, sálfræðingar, talmeinafræðingar, rannsóknar- fólk og aðrir starfshópar.

**1938**  
• SÍBS, Samband íslenskra berklasjúklinga, stofnað 24. október

**1940**  
• Oddur Ólafsson læknir setur fram hugmynd um vinnuheimili fyrir berklasjúklinga



**1945**  
• Starfsemi vinnuheimilis hefst og því gefið nafnið Reykjalundur  
• Yfirlæknir og yfirhjúkrunarkona ráðin  
• Fyrstu sjúklingar koma á Reykjalund 1. febrúar  
• Starfsendurhæfing hefst

**1949**  
• Happdrætti SÍBS hefur starfsemi  
• Iðnskóli stofnaður



**1953**  
• Plastiðja hefst á Reykjalundi

**1958-1960**  
• Reykjalundur fer að þróast í alhliða endurhæfingarsjúkrahús

**1961**  
• Fyrsti endurhæfingarlæknirinn, Haukur Þórðarson, hefur störf



**1963**  
• Sjúkraþjálfun hefst

**1965**  
• Rekstri iðnskóla hætt

**1974**  
• Nafni SÍBS breytt í Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga  
• Samtök gegn astma og ofnæmi gerast aðilar að SÍBS  
• Iðjuþjálfun hefst

**1976**  
• Félagsráðgjafi kemur til starfa

**1979**  
• Talmeinafræðingur og heilsuþjálfari hefja störf



**1982**  
• Endurhæfing hjartasjúklinga hefst

**1986**  
• Starfsmannafélag Reykjalundar stofnað

**1992**  
• Landsamtök hjartasjúklinga gerast aðilar að SÍBS

**1993**  
• Hlein tekur til starfa

**1995**  
• Ákvörðun um að byggja nýtt þjálfunarhús tekin á 50 ára afmæli Reykjalundar



**1998**  
• Landsöfnunin *Sigur lífsins* vegna byggingar þjálfunarhúss

**2000**  
• TR semur við Reykjalund um atvinnulega endurhæfingu  
• Sálfræðingur kemur til starfa  
• Samtök lungnasjúklinga gerast aðilar að SÍBS

**2001**  
• Þjónustusamningur leysir daggjaldakerfi af hólmi, níu meðferðarsvið skilgreind



**2002**  
• Nýtt þjálfunarhús tekið í notkun

**2004**  
• SÍBS hættir iðnrekstri á Reykjalundi, plastverksmiðja seld  
• Vísindaráð tekur til starfa

**2005**  
• Nýtt merki tekið í notkun á 60 ára afmæli Reykjalundar

